



Alþingi Umhverfis og samgöngunefnd

Vesturbyggð, 4. febrúar 2026
2601115 GBS

Efni: Umsögn Vesturbyggðar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2026–2040

Vesturbyggð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri umsögn um tillögu að samgönguáætlun 2026–2040. Sveitarfélagið fagnar þeirri stefnumörkun sem fram kemur í áætluninni um að efla öruggar, greiðar og hagkvæmar samgöngur um land allt og styðja þannig við byggðapróun og atvinnulíf.

Vesturbyggð er fjölkjarna sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem samgöngur eru lykilforsenda búsetu, atvinnuuppbyggingar og aðgengis að grunnþjónustu. Svæðið hefur á undanförunum árum upplifað verulega fólksfjölgun og aukna atvinnustarfsemi, en samgönguinnviðir hafa ekki þróast í samræmi við þá uppbyggingu. Nauðsynlegt er að við frekari mótun áætlunarinnar verði horft sérstaklega til þarfa sunnanverðra Vestfjarða og tryggt fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda.

Jarðgöng og heilsárssamgöngur

Vesturbyggð fagnar því að jarðgöng um Mikladal og Hálfán séu meðal forgangsverkefna. Slík mannvirki munu hafa afgerandi jákvæð áhrif á öryggi, þjónustuaðgengi, atvinnuuppbyggingu og tengingu byggðalaga á sunnanverðum Vestfjörðum. Engum jarðgöngum er til að dreifa á sunnanverðum Vestfjörðum og ekki aðrar samgönguleiðir í boði fyrir íbúa en aka yfir fjallvegi alla daga allt árið um kring, til að sækja þjónustu og vinnu. Brýnt er að tryggja öruggar samgöngur milli byggðakjarnanna til að íbúar og fyrirtæki geti notað grunnþjónustu svo sem heilbrigðisþjónustu og aðra þjónustu. Má í því sambandi benda á sjúkraflug á flugvöllinn á Bíldudal en þangað er yfir tvo erfiða fjallavegi að fara frá Patreksfirði.

Jafnframt lýsir sveitarfélagið sérstakri ánægju með áform um vinnu við Bíldudalsveg og að sú framkvæmd verði í beinu framhaldi af framkvæmdum við Dynjandisheiði, enda er um að ræða afar mikilvægar samgöngubætur fyrir samfélög og atvinnurekstur á svæðinu. Brýnt er þó að flýta því verki eins og kostur er, því framkvæmdin mun ekki nýtast sem sú heilsársamgöngubót sem nauðsynlegt er, fyrr en hún er fullkláruð, en samkvæmt drögunum eru verklok ekki áætluð fyrr en 2035. Vegurinn inn Arnarfjörð er oft í afar slæmu ástandi og ekki haldið opnum að vetri til sem lengir ferðatíma verulega fyrir íbúa og fyrirtæki á Bíldudal þar



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði
Kt. 510694-2369, 450 2300

sem aka þarf yfir Hálfván, Mikladal og Kleifaheiði til að komast áleiðis út af svæðinu. Það er því afar mikilvægt að koma á heilsárssamgöngum inn Arnarfjörð sem fyrst til að stytta ferðatíma og lækka flutningskostnað fyrirtækja og íbúa.

Vesturbyggð bendir á að Kleifaheiði er mikill farartálmi stóran hluta ársins og um þann veg fer stór hluti umferðar inn og út af sunnanverðum Vestfjörðum ásamt því að um þann veg fer skólabíll daglega. Tenging við Barðaströnd er því mikilvæg fyrir íbúa svæðisins og flutninga inn og út af svæðinu. Í því samhengi er það ósk Vesturbyggðar að göng undir Kleifarheiði verði sett á lista yfir jarðgöng til síðari skoðunar.

Flug og sjúkraflug

Bíldudalsflugvöllur gegnir lykilhlutverki í samgöngum við sunnanverða Vestfirði, sérstaklega fyrir sjúkraflug. Vesturbyggð telur afar brýnt að bætt verði hindrunarljós og eða aðflugsljós við flugvöllinn svo tryggja megi öruggt flug allan sólarhringinn. Slík lýsing er nauðsynleg til að flugmenn geti betur áttað sig á aðstæðum þegar flogið er til og frá vellinum í myrkri, sérstaklega hvað varðar sjúkraflug. Í umhverfi flugvallarins eru afar fá ljós þar sem hann er staðsettur utan byggðar, og hamlar það möguleikum til öruggs sjúkraflugs. Vesturbyggð hefur ítrekað bent á þessa þörf. Óásættanlegt er að slíkar öryggisúrbætur dragist þar sem þær snúa beint að aðgengi íbúa að heilbrigðisþjónustu.

Hafnir og siglingar

Vesturbyggð gerir alvarlegar athugasemdir við að samkvæmt drögum að samgönguáætlun hefur ekki verið tekið tillit til beiðni Vesturbyggðar um að haldið sé áfram með undirbúning og framkvæmd fyrir stórskipakant við Patrekshöfn. Þrátt fyrir að samkvæmt drögum samgönguáætlunar eru hafnaframkvæmdir á forræði sveitarstjórna þá liggur fyrir að Vegagerðin hafi ekki lagt til við innviðaráðherra í tillögum sínum í samgönguáætlun að haldið yrði áfram með undirbúning fyrir stórskipakant við Patrekshöfn þrátt fyrir að Vegagerðinni beri að hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn við undirbúning tillögugerðar sinner skv. 2. mgr. 23. gr. hafnarlaga nr. 61/2003. Gerir Vesturbyggð því alvarlegar athugasemdir við framgöngu Vegagerðarinnar gagnvart sveitarfélaginu við undirbúning málsins. Einnig gerir Vesturbyggð athugasemdir við það mat sem Vegagerðin framkvæmdi um tillögugerðina og forgangsöröðun framkvæmda þegar kemur að málefnum Patrekshafnar, þá sérstaklega er varðar öryggi sjófarenda og þá atvinnuuppbyggingu sem tengist framkvæmdinni, en samkvæmt drögum samgönguáætlunar ber að líta til þess sérstaklega við forgangsöröðun framkvæmda.

Undirbúningur fyrir gerð stórskipakants við Patrekshöfn hefur staðið yfir um árabíl og var í samgönguáætlun fyrir 2019-2023 og 2020-2024 veitt framlag til öldustraumsrannsókna vegna undirbúnings fyrir stórskipakant við Patrekshöfn og hafa þær rannsóknir þegar farið fram. Þá hefur Vesturbyggð unnið að endurskoðun á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði Patrekshafnar þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdinni. Sveitarfélagið hefur því ekki horfið frá þeirri framkvæmd sem hefur verið unnið að á síðustu átta árum. Með tillögugerðinni og forgangsöröðun Vegagerðarinnar er sá undirbúningur að engu gerður samkvæmt drögum samgönguáætlunar og gerir heimastjórn verulegar athugasemdir við það. Fullyrðingar



Vegagerðarinnar um að þar sem fallið hafi verið frá áformum um frekari uppbyggingu á hafnarsvæði Patrekshafnar er tengist fiskeldi séu ekki lengur til staðar forsendur til að fara í framkvæmdina, á sér enga stoð í raunveruleikanum, enda hófst undirbúningur fyrir gerð stórskipakants við Patrekshöfn á árinu 2018, löngu áður en hugmyndir um frekari uppbyggingu tengda fiskeldi komu fram á árinu 2021.

Vesturbyggð bendir á að framkvæmd við stórskipakant við Patrekshöfn er mikilvæg m.a. fyrir samgöngukerfi landsins, almannahagsmuni á Patreksfirði og hagkvæmni. Sérstaklega er framkvæmdin mikilvæg fyrir öryggi sjófarenda, sem er ein aðaláhersla samgönguáætlunar 2026-2040 og hefur því mikla þýðingu fyrir almannahagsmuni á Patreksfirði. Núverandi hafnarmannvirki mæta ekki lengur þeirri þörf sem er þegar til staðar í Patrekshöfn, bæði hefur fiskiskipum með heimahöfn fjölgað og þau stækkað, strandveiðibátum fjölgað og þá hefur fjöldi þjónustubáta í fiskeldi margfaldast á síðustu árum og hafa þeir einnig stækkað. Þá hefur þröngt aðgengi í Patrekshöfn valdið vandræðum og tjóni, þar sem höfnin er þröng og erfitt er fyrir stærri skip að athafna sig í höfninni. Gerð stórskipakants er því grundvallarþáttur í að auka öryggi sjófarenda, bæta aðstöðu hafnarinnar og draga úr líkum á eignartjóni. Með stórskipakanti verður unnt að bæta aðgengi stærri skipa og þar með tryggja betri nýtingu á hafnarmannvirkjum Patrekshafnar. Með framkvæmdinni er einnig unnt að auka verulega rekstraröryggi hafnarinnar og skapa betri forsendur fyrir frekari atvinnuuppbyggingu, m.a. með tækifærum til strandsiglinga og þjónustu við þær útgerðir sem stunda fiskveiðar á veiðisvæðum fyrir utan sunnanverða Vestfirði. Þegar hafa umsvif Patrekshafnar aukist til muna eins og rakið er í drögum að samgönguáætlun, þar sem vegna aukinna umsvifa er Patrekshöfn aftur orðinn hluti af grunnneti samgangna. Benda má á í því samhengi að núverandi hafnaraðstaða á Patreksfirði er staðsett fyrir neðan flóðarennu ofanflóðavarna.

Vesturbyggð bendir jafnframt á að heiti hafnarinnar er ranglega nefnt í drögum samgönguáætlunar sem þar er tilgreint Patreksfjarðarhöfn, en rétt heiti hafnarinnar er Patrekshöfn.

Vesturbyggð fagnar því að endurbygging hafskipakants á Tálknafirði sé inni í áætluninni, en sveitarfélagið leggur áherslu á að þeim framkvæmdum verði flýtt.

Þá er nauðsynlegt að auka framlög til Hafnabótasjóðs til að mæta verulegri viðhaldsþörf hafna sveitarfélagsins.

Vegakerfi og fækkun malarvega

Í Vesturbyggð er að finna fjölda kílómetra af malarvegum, má þar nefna sunnanverðan Arnarfjörð, Tálknafjörð og sunnanverðan Patreksfjörð. Takmarkað viðhald hefur verið á þessum vegaköflum og þá er vetrarþjónusta verulega skert. Hefur þetta m.a. haft áhrif á ferðaþjónustu á svæði sem og búsetugæði þeirra íbúa er búa á þessum svæðum allt árið um kring. Mikilvægt er að í samgönguáætlun 2026 - 2040 verði tryggð framlög til að unnt sé að sinna nauðsynlegu viðhaldi og halda uppi þjónustu á malarvegum. Þá leggur Vesturbyggð áherslu á að í áætlun um malarvegi verði sett fram skýr markmið og forgagnsröðun með fækkun malarvega innan sveitarfélagsins. Í Vesturbyggð er að finna um 20 einbreiðar brýr og mikilvægt að þeim verði markvisst fækkað á næstu áratugum. Þar til einbreiðar brýr heyra



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði

Kt. 510694-2369, 450 2300

sögunni til í Vesturbyggð er nauðsynlegt að þjónustumiðstöð Vegagerðarinnar á Patreksfirði verði tryggð framlög til bæta bundnu slitlagi sitthvoru megin við brýrnar til að minnka hættu vegna holumyndanna á mörkum brúar og malarveggar og til að setja upp merkingar og varúðarskilti við umræddar brýr, m.a. þar sem þær eru á fjölförnum malarvegum á helstu ferðamannaleiðum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Vesturbyggð óskar þess að Vegagerðin mæli með markvissari hætti umferð um sunnanverða Vestfirði, en fáir teljarar eru staðsettir á sunnanverðum Vestfjörðum og gefur það því jafnan ekki rétta mynd af umferðapunga á svæðinu, þá sérstaklega um hina 50-70 ára gömlu malarvegi.

Almenningssamgöngur

Vesturbyggð leggur ríka áherslu á að almenningssamgöngur verði skilgreindar sem grunnþjónusta í samgöngukerfi landsins og að ábyrgð á skipulagi, fjármögnun og framkvæmd þjónustunnar sé skýr í samgönguáætlun og ekki sé dregið úr fjárframlögum til almenningssamgangna á landsbyggðinni. Nauðsynlegt er að fyrirkomulag almenningssamgangna milli byggða sé fyrirsjáanlegt og byggji á langtímasýn þar sem tryggt er að íbúar landsbyggðar hafi raunhæft aðgengi að þjónustu, menntun og atvinnusvæðum.

Vesturbyggð tekur undir umsögn Ungmennaráðs Vestfjarða þar sem lýst er yfir miklum áhyggjum af stöðu almenningssamgangna á Vestfjörðum og þeim breytingum sem nú eru fyrirhugaðar á leiðakerfi landsbyggðarvagna. Vestfirðir hafa um langt árabil setið eftir þegar kemur að almenningssamgöngum og fyrirliggjandi breytingar eru enn eitt dæmi þess.

Vesturbyggð telur mikilvægt að sameining sveitarfélaga verði ekki túlkuð sem svo að ríkið, eða stofnanir þess, geti dregið úr aðkomu sinni að almenningssamgöngum eða fært ábyrgðina í auknum mæli yfir á sveitarfélögin án þess að fjármögnun fylgi. Sameiningar hafa fyrst og fremst það markmið að efla stjórnsýslu og þjónustu, en mega ekki leiða til þess að ríkisvaldið dragi sig frá verkefnum sem eðli máls samkvæmt tilheyra grunninnviðum landsins.

Sérstaklega þarf að tryggja að Vegagerðin, sem lykilaðili í uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins, hafi áfram skýrt hlutverk þegar kemur að almenningssamgöngum milli byggða og að breytingar á sveitarstjórnarstigi verði ekki nýttar sem rök fyrir breyttri ábyrgðarskiptingu eða minni þjónustu.

Ferjusamgöngur

Vesturbyggð kallar eftir skýrri stefnu stjórnvalda þegar kemur að ferjusamgöngum og að unnin verði ferjuáætlun. Ferjusamgöngur eru órjúfanlegur hluti af samgöngukerfi Vestfjarða og gegna mikilvægu hlutverki fyrir íbúa og atvinnulíf. Vesturbyggð hefur lagt áherslu á að tryggja þurfi fullnægjandi framlög til reksturs ferjunnar Baldurs og að fjölga ferðum yfir Breiðafjörð í samræmi við þarfir samfélags og atvinnustarfsemi. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja viðeigandi aðstöðu við ferjulægið á Brjánslæk svo ferjur geti lagst þar að með öruggum og skilvirkum hætti.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að horft verði til ferjusamgangna sem hluta af heildstæðu almenningssamgöngukerfi landsins, ekki síður en vegakerfis og flugs. Tryggja þarf



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði
Kt. 510694-2369, 450 2300

rekstraröryggi, næga flutningsgetu og tíðni ferða þannig að þjónustan standi undir þörfum íbúa jafnt sem atvinnulífs og ferðaþjónustu.

Vesturbyggð leggur ríka áherslu á að framkvæmdir við Brjánslækjarhöfn verði þannig hagað að mannvirkin geti til lengri framtíðar tekið á móti ferjum sem sigla yfir Breiðarfjörð enda mun ferjan tryggja öruggar og greiðar samgöngur sérstaklega yfir vetrartímann, þegar veður eru slæm. Hönnun mannvirkja og útbúnaður sé því ekki bundinn við eina tegund skipa og þá verði einnig við hönnun mannvirkja horft til framtíðarmöguleika til umhverfisvænni orkugjafa við ferjusiglingar um Breiðarfjörð.

Vetrarþjónusta og öryggi vegna

Vesturbyggð leggur áherslu á að vetrarþjónusta á sunnanverðum Vestfjörðum verði eflað þjónustutími aukinn og að þjónustustig taki mið af mikilvægi veganna fyrir íbúa, atvinnulíf og aðgengi að grunnþjónustu. Veðurfar og landfræðilegar aðstæður gera samgöngur viðkvæmar yfir vetrarmánuðina og því er brýnt að markmiðið sé að tryggja raunhæfar heilsárssamgöngur.

Nauðsynlegt er að Vegagerðin endurskoði forgangsröðun þjónustu á helstu leiðum svæðisins með það að markmiði að auka áreiðanleika og draga úr lokunum.

Öflug vetrarþjónusta er forsenda búsetu og atvinnustarfsemi og þarf að endurspeglast skýrt í samgönguáætlun.

Vesturbyggð leggur mikla áherslu á að á veginum um Raknadalshlíð í Patreksfirði verði gripið til sérstakra aðgerða til að verjast ofanflóðum og grjóthruni líkt og er ráðgert í drögum að samgönguáætlun á öðrum vegaköflum þar sem slík hættu er fyrir hendi. Heimastjórnir í Vesturbyggð ásamt bæjarstjórn Vesturbyggðar hafa ítrekað bent á mikilvægi þess að fundin verði framtíðarlausn til að verja vegfarendur sem aka um Raknadalshlíð, en þar eru snjóflóð og grjóthrun algeng. Mikilvægt er að öryggi vegfarenda um Raknadalshlíð verði tryggt til framtíðar, hvort sem er með nýju vegstæði eða öðrum lausnum sem til þess eru fallnar að auka öryggi vegfarenda allt árið um kring.

Vesturbyggð ítrekar mikilvægi þess að tryggð séu framlög til vetrarþjónustu um Dynjandisheiði og um Bíldudalsveg niður í Arnarfjörð, samhliða vegabótum. Einnig ítrekar Vesturbyggð áðurframkomna ósk um reglulega vetrarþjónustu á Rauðasandsvegi samhliða almennri vetrarþjónustu á Örlygshafnarvegi.

Vesturbyggð bendir einnig á að bæta þarf vetrarþjónustu á Bíldudalsvegi, frá þorpínu á Bíldudal og að flugstöð Bíldudalsflugvallar. Er þar um mikilvægt öryggisatriði að ræða þar sem ekki er nóg að snjómokstur á þeirri leið sé aðeins tengdur reglulegu áætlunarflugi. En bæði starfsmenn flugvallarins og viðbragðsaðilar þurfa að komast að flugstöðinni, þegar um sjúkraflug er að ræða.

Þjóðhagslegt mikilvægi innviða

Samgönguinnviðir á sunnanverðum Vestfjörðum gegna mikilvægu hlutverki við útflutning verðmætra afurða og skapa þjóðarþúinu umtalsverðar tekjur. Við forgangsröðun framkvæmda



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði
Kt. 510694-2369, 450 2300

er því nauðsynlegt að horfa til þjóðhagslegrar arðsemi og þeirra verðmæta sem verða til á svæðinu.

Að lokum

Vesturbyggð leggur áherslu á að samgönguáætlun 2026–2040 verði nýtt til að jafna aðstöðumun milli landshluta og tryggja öruggar og áreiðanlegar heilsárssamgöngur.

Vesturbyggð hvetur stjórnvöld til að taka fullt tillit til framangreindra sjónarmiða við endanlega mótun samgönguáætlunarinnar, enda eru traustir samgönguinnviðir forsenda

áframhaldandi byggðapróunar, atvinnusköpunar og búsetugæða á sunnanverðum Vestfjörðum.

Virðingarfyllt,

Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri